



Sveitarstjórnarfundur 15. maí 2026

Föstudaginn 15. maí 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 43. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 14:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 43. fundar:

1. Ársreikningur 2025 - Fyrri umræða
2. Fundargerð 42. sveitarstjórnarfundar 13.04.2026
3. Fundargerðir nefnda
4. Aðrar fundargerðir
5. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 - 2050
6. Endurskoðun á byggðakvótakerfinu
7. Persónuverndarstefna Kaldrananeshrepps
8. Beiðni Bryggjuhátiðar á Drangnesi
9. Beiðni Kennarasambands Íslands

Fundargerð:

1. Ársreikningur 2025 - Fyrri umræða

Ársreikningur Kaldrananeshrepps vegna ársins 2025 lagður fram.

Til fundar mætti Helgi Níelsson, endurskoðandi sveitarfélagsins í fjarfundi á Teams & gerði grein fyrir helstu kostnaðarliðum.

Sveitarstjórn vísar ársreikningi 2025 til annarrar umræðu.

Borið upp og samþykkt.

2. Fundargerð 42. sveitarstjórnarfundar 13.04.2026.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

4. Aðrar fundargerðir

- a. 59. fundur velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 22.04.2026.

Meðfylgjandi erindisbréf velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps lagt fram til kynningar og samþykkt.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- b. 25. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 14.04.2026.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- c. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf., 29.04.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Fundargerð aukabing Fjórðungssambands Vestfjarða, 15.04.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. 997. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17.04.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

5. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 - 2050

Hjálagt er lögð fram tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025 - 2050.

Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 - 2050 lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 með vísan í 2. mgr. 25. gr. Skipulagslaga.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borist upp og samþykkt samhljóða.

6. Endurskoðun á byggðakvótakerfinu

Innviðaráðuneytið hefur hafið heildarendurskoðun á byggðakvótakerfinu þ.m.t. með það að markmiði að móta skírari, markvissari og skilvirkari umgjörð um ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ætlaðar eru til stuðnings sjávarbyggðum.

Í því skyni er óskað eftir umsögn sveitarfélaga sem hafa notið almenns og/eða sértæks byggðakvóta um áhrif þessara veiðiheimilda á sveitarfélagið og einstök byggðarlög innan þess, ef við á.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að óska eftir lengri frest til að svara umbeðinni umsögn í ljósi sveitarstjórnarkosninga og ítrekar mikilvægi byggðakvóta fyrir hagsmuni sveitarfélagsins Kaldrananeshrepps.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Persónuverndarstefna Kaldrananeshrepps

Fyrir liggur persónuverndarstefna Kaldrananeshrepps er gerð var á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Persónuverndarstefna Kaldrananeshrepps lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir umrædda stefnu.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borist upp og samþykkt samhljóða.

8. Beiðni Bryggjuhátiðar á Drangnesi 2026

Styrktarbeiðni barst frá Bryggjuhátið á Drangnesi 2026 sem fagnar í ár 30 ára afmæli sínu.

Ísabella vísar af fundi.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.

Ákveðið er að styrkja hátíðina upp á 150.000kr.-

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Ísabella mætir aftur á fund.

9. Beiðni Kennarasambands Vestfjarða

Styrktarbeiðni barst frá Kennarasambandi Vestfjarða en þann 18. september nk. mun sambandið halda sitt reglulega haustþing. Óskar því Kennarasamband Vestfjarða eftir fjárhagsstuðning sem notaður yrði til greiðslu ferðakostnaðar félagsmanna innan sveitarfélagsins.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að fresta þessu erindi til næsta fundar.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 15:33.